



REGLUR

Tjarnarsalar Ráðhúss Reykjavíkur

Tjarnarsalur Ráðhússins er hluti af opnu rými Ráðhússins sem ætlaður er almenningi og þar eru haldnir ýmsir viðburðir sem gestir geta sótt. Í vesturhluta Tjarnarsalarins er Íslandslíkanið staðsett sem hefur mikið aðdráttarafl fyrir bæði innlenda og erlenda gesti. Tjarnarsalurinn er leigður út fyrir fjölbætta starfsemi og ber þar helst að nefna tónleika, sýningar, ráðstefnur, smærri fundi, kynningar og margt fleira. Tjarnarsalur er jafnframt eitt af móttökuhúsum borgarstjóra.

1.

Tjarnarsalur Ráðhúss Reykjavíkur er leigður undir viðburði. Salurinn er ekki leigður fyrir einkasamkvæmi. Leyfilegt er að halda erfidrykkjur fyrir starfandi borgarfulltrúa og fyrstu varaborgarfulltrúa. Salurinn skiptist í austur- og vestursal og er ýmist hægt að leigja annan hvorn eða báða salina í einu. Einnig er hægt að leigja gönguás undir viðburði.

2.

Óheimilt er að innheimta aðgangseyri að viðburðum. Í undantekningartilfellum er sala á varningi viðkomandi viðburðar leyfð en dæmi um slíkt er sýningin Handverk og Hönnun þar sem verið er að stuðla að eflingu handverks, listiðnaðar og hönnunar. Þá eru auglýsingar fyrirtækja óheimilar í Ráðhúsi Reykjavíkur nema til komi samþykki leigusala og að auglýsingin sé í beinum tengslum við viðburði. Áfengisauglýsingar eru með öllu bannaðar í Ráðhúsi Reykjavíkur og skiptir þá engu hvort um er að ræða auglýsingu á léttöli.

3.

Viðburðastjórn Ráðhúss er tengiliður fyrir leigu á Tjarnarsal. Viðburðastjóri getur aðstoðað leigutaka við skipulagningu en uppsetning er alfarið á ábyrgð og í höndum leigutaka sem skal hafa samráð við húsvörslu Ráðhúss. Engin ábyrgð er tekin á munum eða sýningargripum. Leigutaki ber ábyrgð á þeim munum sem hann kemur með inn í salinn og einnig ber leigutaki fulla ábyrgð á hinu leigða. Leigutaka ber skylda til þess að tilkynna tjón á hinu leigða til viðburðastjórnar Ráðhúss eins fljótt og verða má. Leigutaka ber að skila hinu leigða í sama ásigkomulagi og tekið var við því.

4.

Innifalið í leigu á Tjarnarsal eru stólar, borð, senupallur, fatahengi, fast sýningartjald, flettitafla, ræðupúlt, hljóðkerfi fyrir fundi og létt þrif. Í leiguverði á Tjarnarsal er ekki innifalið hljóðkerfi fyrir tónlistarflutning, hljóðmaður, tölva eða veitingar. Ef viðburður er þess háttar að hann krefjist meiri þrifa bætist við kostnaður vegna þrifa eftir gjaldskrá. Ekki er leyfilegt að nota konfetti í Ráðhúsi Reykjavíkur. Engin sýningarskilrúm eru til staðar og óheimilt er að setja slíkt upp nema í samráði við viðburðastjórn Ráðhúss. Það er með öllu óheimilt að líma límband eða annað efni á gólf Tjarnarsalar eða gönguáss.





Við uppsetningu er starfsmaður húsvörslu Ráðhúss til taks til ráðgjafar án endurgjalds.

5.

Heimilt er að bera fram veitingar í Tjarnarsal sem leigutaki sjálfur ber ábyrgð á. Einn starfsmaður að lágmarki á vegum Tjarnarsalar skal vera ráðinn til framreiðslu og greiðist kostnaður við það aukalega samkvæmt gjaldskrá. Hægt er að útvega fleira starfsfólk til framreiðslu sé þess óskað. Ekki er veitt aðgengi að eldhúsi Ráðhúss.

Sérstaklega þarf að greiða fyrir að lágmarki einn starfsmann ef viðburður er utan hefðbundins opnunartíma eða fjöldi gesta krefst þess. Miðað er við einn starfsmann í framreiðslu og einn öryggisvörð að lágmarki fyrir allt að 100 gesti.

6.

Ofan á leigutaxta bætist virðisaukaskattur.

7.

Reykingar og rafsígarettur eru bannaðar í Ráðhúsi Reykjavíkur og í bílakjallara Ráðhúss.

8.

Reglur þessar taka mið af mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar. Ef upp koma vafamál um innkomin erindi hefur viðburðastjórn Ráðhúss heimild til þess að senda erindið til faglegrar umsagnar.

9.

Reglur þessar taka gildi þann 1. febrúar 2025. Umsjón og umsýsla með þessum reglum er hjá viðburðastjórn Ráðhúss. Borgaritari gefur út gjaldskrá fyrir leigu á Tjarnarsal.